

Skipulags- og umhverfisráð Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogi, 27. apríl 2025

Varðar: Taðmál Kópavogs og Hestamannafélagsins Spretts

Hestamannafélagið Sprettur er íþróttafélag með starfsemi í tveimur sveitarfélögum, Garðabæ og Kópavogi. Á félagssvæði Spretts á Kjóavöllum, eru haldin u.þ.b. 2.000 hross og félagsmenn eru vel á annað þúsund. Að auki er eitthvað um að fólk stundi hestamennsku án þess að vera félagsbundið.

Fylgiskjal þess að halda hross á húsi er að losa þarf tað frá hrossunum. Frá hverju hrossi koma um 20 kg af taði blönduðu undirburði á hverjum sólarhring sem losa þarf. Áætlað er að á ári hverju verði til u.þ.b. 4.000 tonn af taði á félagssvæði Spretts á Kjóavöllum.

Í gegnum tíðina hefur taðið verið notað til uppgræðslu og jarðvegsbætingar víða í nágrenni Spretts s.s. við uppbyggingu Guðmundarlundar og í samstarfi við skógræktina á ýmsum svæðum í Heiðmörk, við Lækjarbotna o.fl.

Eins og staðan er í dag er eina löglega lausnin fyrri Sprettsfélaga að fara með taðið í Sorpu þar sem greiða þarf 26 kr. á kílóíð fyrir að því sé „fargað“. Þetta samsvarar því að eins vörubíls farmur sem áður kostaði um 50.000 kr. að losa getur kostað vel yfir 500.000 kr. að losa sig við hjá Sorpu.

Sprettur leggur áherslu á að losun taðs á þessum kjörum hjá Sorpu **er óásættanleg lausn á taðmálum félagsins og mun verða þess valdandi að fjöldi fólks, sérstaklega ungt fólk og fjölskyldur, mun ekki sjá sér fært að stunda sitt áhugamál og sína íþrótt á félagssvæðinu áfram.**

Leitað hefur verið lausna til skemmri og lengri tíma og sendi Sprettur sveitarfélögunum sem það starfar innan, Kópavogi og Garðabæ, formlegt erindi þann 26. mars 2025 með tillögum um nýtingu taðsins til jarðvegsbætingar og góðra verka innan sveitarfélaganna, sjá fylgiskjal A: *Tillögur Spretts um nýtingu taðs.*

Einnig hefur Sprettur tekið saman og sent sveitarfélögunum samantekt um taðmál á höfuðborgarsvæðinu þar sem fram koma m.a. upplýsingar um hvernig taðmálum er háttað í nágrannasveitarfélögunum, sjá fylgiskjal B: *Taðmál á höfuðborgarsvæðinu.*

Eins og fram kemur í fylgigögnum hefur Garðabær fyrir sitt leyti tekið vel í þær lausnir sem Sprettur hefur stungið uppá varðandi nýtingu taðsins en hvað Kópavog varðar barst svar frá Umhverfissviði Kópavogsbæjar þann 11. apríl sl. þar sem Spretti var m.a. bent á að beina erindinu til Skipulags- og umhverfisráðs, sjá fylgiskjal C: *Athugasemdir og ráðleggingar umhverfissviðs Kópavogsbæjar við tillögum Spretts um nýtingu taðs.*

Sprettur óskar því hér með eftir því að Skipulags- og umhverfisráð Kópavogs taki þetta erindi til umfjöllunar ásamt góðfúslegri beiðni félagsins um að sveitarfélagið vinni staðfastlega með hestamannafélaginu að raunhæfum lausnum til þess að leysa taðmálin með farsælum hætti því, eins og nánar verður komið inná hér á eftir, þá er það ekki mál hestamannafélagsins eins síns liðs að leysa taðmálin. Mikilvægt er því að Sprettur, Kópavogur og Garðabær eigi gott samstarf um það og hjálpist að við að finna farsælustu lausn fyrir alla aðila.

Skyldur sveitarfélagsins Kópavogs

Hestamannafélagið Sprettur hefur frá því haustið 2023 unnið að því að finna farveg fyrir nýtingu hrossataðs til lengri og skemmri tíma. Tekið var m.a. mið af lögum um meðhöndlun úrgangs og stefnu Umhverfissráðuneytisins um úrgangsmál. Í þessu fólst gagnaöflun um efnainnihald, bakteríur og líftíma þeirra, skoðun á regluverki, sögu nýtingar taðs o.fl. Taðið er lífrænn úrgangur en ekki eru allir sammála um í hvaða flokk hann á að fara innan þess flokks.

Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55 frá árinu 2003 eru nokkuð afgerandi varðandi meðhöndlun lífræns úrgangs. Í 8. grein laganna er kveðið á um að sveitarstjórn skuli ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstraúrgangi í sveitafélaginu. Þar er lögð áhersla á endurnýtingu sé þess nokkur kostur. Um lífrænan úrgang er fjallað í 57. grein. Þar stendur:

„Lífrænn úrgangur skal meðhöndlaður með hliðsjón af markmiðum laga þessara, sbr. 1.gr. og í samræmi við forgangsörðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7.gr. að eins miklu leyti og unnt er, einkum með því að:

- a. nota hann í [jarðgerð]¹⁾ og/eða gasvinnslu,*
- b. vinna úr honum áburð, eða*
- c. nota efni sem eru framleidd úr honum. “*

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið gaf í júní 2021 út „Heildarstefnu í úrgangsmálum“. Þar segir að að markmiðið sé að „stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu og að úrgangur sé meðhöndlaður á þann hátt að hann skapi ekki hættu fyrir menn eða dýr eða valdi skaða í umhverfinu.“ Þar er jafnframt kveðið á um að nýta skuli lífrænan úrgang sé þess nokkur kostur og það sé gert sem næst þeim stað sem hann verður til. Stefnt skuli að samdrætti í urðun.

Af þessu verður ekki annað ráðið en skylda sé lögð á sveitafélögin og hestamenn, sem „framleiðendur“, að nýta taðið á sem hagkvæmastan hátt til jarðgerðar, til að bæta jarðveg eða vinna úr honum áburð og þá í nærumhverfinu sé þess nokkur kostur.

Í meistararitgerð Páls Stefánssonar „Framkvæmd vatnsverndar og stjórnun vatnsauðlinda á höfuðborgarsvæðinu“ frá 2004 er fjallað um áhrif gróðurs á vatn og vatnsgæði. Þar stendur:

„Það er almennt viðurkennt að jarðvegur og gróður séu mikilvæg fyrir vatnsvernd og vatnsmiðlun. Jarðvegur hefur mikla hæfni til að sía út bæði gerla og óæskileg mengunarefni. Jarðvegur hefur líka áhrif á bragðgæði og efnasamsetningu vatns, þ.e. á styrk uppleystra jóna í vatni en hann er almennt lítill á Íslandi. Gróður bindur jarðvegsyfirborð og kemur þannig í veg fyrir að jarðvegur renni til með vatni eða skolist niður í grunnvatnið. Þá hægir gróður á flæði vatns bæði á yfirborði og á leið þess niður í grunnvatnið auk þess sem sýnt hefur verið fram á að gróðurþekja hægir verulega á streymi gerla með vatni þegar vatn flæðir á yfirborði lands. Mikilvægi gróðurs og samfelldrar gróðurþekju er því ekki síst í stórrígingum og leysingum. „

Með því að nýta taðið til að bæta gróðurskilyrði og uppgræðslu er því jafnframt verið að bæta vatnsgæði til lengri tíma lítið.

Tillögur að lausnum til skemmri tíma

Landsvæði suður af Guðmundarlundi – Stækkun Guðmundarlundar

Sprettur hefur lagt til að landsvæði suður af Guðmundarlundi verði, með nýtingu taðs, grætt upp með það fyrir augum að stækka útivistarsvæði Guðmundarlundar sem því nemur (sjá umfjöllun í fylgiskjali A gr. 2.2 A).

Bent hefur verið á (sbr. fylgiskjal C) að svæðið er í dag skilgreint sem opið svæði í aðalskipulagi Kópavogs og að í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að þar rísi í framtíðinni leik- og grunnskóli þó að gera megi ráð fyrir að deiliskipulagið eigi eftir að taka einhverjum breytingum áður en byggðin rís og ekki hægt að segja til um hvort á svæðinu verði byggð, samfélagsþjónusta eða opið svæði.

Að því tilefni vill Sprettur benda á að leikskóla- og skóla væri ekki endilega best fyrir komið á útjaðri íbúðasvæðisins eins og núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir.

Guðmundarlundur er í dag gríðarlega vinsælt útivistarsvæði í útjaðri Kópavogs sem nýtt er jöfnum höndum af grunnskólum, leikskólum, útivistarfólki, barnafjölskyldum, eldri borgurum o.fl. Auk þess að þar er hægt að njóta útivistar innanum trjágróðurinn eykur lega svæðisins, með sýn til fjalla og nálægð við náttúru vatnsverndarsvæðisins í Heiðmörk, enn á upplifun notenda og tengingu þeirra við náttúruna. Hægt er að fullyrða að það væri hrein synd að loka Guðmundarlund af innan í byggðinni eins og núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir – svo ekki sé sterkar tekið til orða.

Á hinn bóginn er hér kjörið tækifæri til þess að gera breytingu á, stækka Guðmundarlund til suðurs og stuðla að auknum útivistarmöguleikum Kópavogsbúa í hreinni náttúru.

Bent er á að innan bæjarmarka Kópavogsbæjar er síður en svo um auðugan garð að gresja þegar kemur að grænum svæðum og möguleikum íbúanna til útivistar við náttúrulegar aðstæður, vöntun er á fallegu svæði þar sem hægt væri að halda stórar bæjarhátíðir (eftir að Rúrstún varð of lítið) og skólunum veitti ekki af auknum möguleikum fyrir útikennslu grunn- og leikskólabarna.

Að lokum má geta þess að landsvæði Guðmundarlundar er einmitt grætt upp með hrossataði. Í upphafi sjöunda áratugar síðustu aldar tók Guðmundur Jónsson í BYKO og fjölskylda hans við örfoka landi á því svæði þar sem Guðmundarlundur stendur nú. Þau létu aka hrossataði úr hesthúsahverfi Gusts í Kópvogi til að bæta jarðveg, auk þess sem sag og spæni var blandað saman við til að búa til jarðvegslag. Fjölskyldan hóf fljótlega skógrækt og er þar í dag myndarlegur skógarlundur og fagurt útivistarsvæði, eins og raun ber vitni.

Fjöldi fólks nýtur í dag ávaxta starfs þessara frumkvöðla. Látum ekki þetta tækifæri úr greipum ganga – hugum frekar að því að stækka svæðið og þróa það áfram heldur en að loka það af með steinsteypu.

Gryfja við Sandhlíð

Sprettur hefur lagt til að gryfja í landi Kópavogsbæjar við Sandhlíð, sem líklega er gömul aflögð efnisnáma verði nýtt, sem n.k. grenndarstöð fyrir hrossatað (sbr. umfjöllun í fylgiskjali A gr. 2.2 C).

Til þess að hægt sé að nýta hrossatað til uppgræðslu þarf að blanda því saman við mold og til þess þarf vinnslusvæði. Svo hægt sé að nýta taðið í manir og annað á öðrum svæðum sbr. aðrar tillögur í fylgiskjali A, þarf þessi blöndun að vera búin að eiga sér stað.

Nýting á svæðinu með þessum hætti gæfi tilefni til samstarfs í taðmálum bæjarfélaganna, Garðabæjar og Kópavogs, þar sem að í nágrenninu eru einnig svæði tilheyrandi Garðabæ sem Sprettur hefur lagt til að tekin verði til uppgræðslu með taði (sjá fylgiskjal A). Kópavogur gæti þannig tímabundið lagt til vinnslusvæði og Garðabær að sama skapi uppgræðslusvæði og lausnin þannig nýst öllum hlutaðeigandi til góðs. Í lok samningstíma bæjarins og Sprettis um nýtingu svæðisins til taðvinnslunnar yrði holan svo fyllt upp með jarðvegsblönduðu taði og svæðið grætt upp.

Bent hefur verið á að svæðið sé í nágrenni háspennulínu sem kunni að vera þessari hugmynd til trafala. Raunin er hins vegar sú að línan er þarna nálægt en þó ekki alveg við umrætt svæði. Þá ber að geta þess að engar vélar sem notaðar yrðu til vinnslu væru af þeirri stærðargráðu að hætta sé á ferðum vegna nálægðar við línuna.

Sprettur gerir sér vitaskuld grein fyrir að tillagan er háð samþykktum yfirvalda m.t.t. vinnsluleyfis, vatnsverndarsjónarmiða og helgunarsvæðis háspennulínu. Sprettur hefur nú þegar verið í samskiptum við Heilbrigðiseftirlitið m.t.t. þessa sjá fylgiskjal B.

Manir, fegrun og umhverfisbætur á félagssvæði Sprettis og í nágrenni þess

Í tillögum Sprettis felast einnig hugmyndir um uppbyggingu á gróðurmönnum og ýmiskonar fegrun og umhverfisbætur á félagssvæðinu og í nágrenni þess þar sem tað yrði nýtt til uppgræðslu og landmótunar, blandað við annan jarðveg sbr. fylgiskjal A gr. 2.3 og 2.4.

Þá gerir nýsamþykkt deiliskipulag svæðis við Tröllakór ráð fyrir að þar verði settar skjólmyndandi gróðurmanir þar sem tilvalið væri að nýta taðið.

Sjálfbærni- og umhverfisnefnd Sprettis er einnig að vinna að áætlun um fegrun svæðisins á Kjóavöllum með áherslu á gönguleiðir, gróðurmanir, aukinn gróður, skjólmyndun o.fl. á svæðinu og verða þær tillögur því kynntar nánar síðar. Óskað verður eftir því þegar til kemur að taðblönduð mold verði nýtt eftir föngum við það verkefni.

Langtímalausnir varðandi losun taðs

Í svari umhverfisviðs Kópavogsbæjar, sjá fylgiskjal C, er um það fjallað að ótækt sé að langtímalausnir varðandi taðnýtingu á höfuðborgarsvæðinu séu ekki til staðar og brýnt sé að finna lausn á því til lengri tíma litið.

Þessu er Sprettur fullkomlega sammála og eru fulltrúar félagsins reiðubúnir til þess að koma að hverju því samstarfi og hugmyndavinnu sem gæti falist í því að finna þá lausn.

Það verður þó ekki gert af hestamannafélaginu Spretti einhliða því í það verkefni þarf öflugt samstarf bæði Sprettis og þeirra sveitarfélaga sem að því standa, Kópavogi og Garðabæ. Sem og meira frumkvæði af hálfu sveitarfélaganna til þess að koma á samtali og samstarfi við önnur sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins og aðra hugsanlega hagaðila hvað þetta varðar.

Sprettur óskar því hér með góðfúslega eftir hjálp sveitarfélaganna í þeim efnum.

Lokaorð

Hestamannafélagið Sprettur lítur á sig sem eina einingu í hvoru bæjarfélaginu sem staðsetning tiltekinna hesthúsa er. Öll misskipting á borð við „þessi losar sitt tað þarna og hinn hvergi...“ gerir ekki annað en að skapa óeiningu og neikvæðni fyrir alla starfsemi félagsins.

Það er því einlæg ósk Sprettis að sveitarfélögin sem að félaginu standa sameinist um að finna góðar sameiginlegar lausnir og farvegi til að nýta tað til góðra verka – bæði skammtímalausnir til að leysa núverandi vanda og framtíðarlausnir til lengri tíma.



F.h. Hestamannafélagsins Sprettis

Davíð Áskelsson
Stjórnarmaður í Spretti

Sigurður Guðni Sigurðsson
Formaður Sjálfbærninefndar Sprettis

Fylgiskjöl:

- Fylgiskjal A: Tillögur Sprettis um nýtingu taðs.
- Fylgiskjal B: Taðmál á höfuðborgarsvæðinu.
- Fylgiskjal C: Athugasemdir og ráðleggingar umhverfissviðs Kóp. við tillögum Sprettis.